



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

24. fundur stjórnar 2024-2025 föstudaginn 25. apríl 2025

kl. 11.00 - 13.00 í Borgartúni 27 og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Eyja Margrét Jóhannu Brynjarsdóttir, Guðný Björk Eydal, Ólafur Páll Jónsson og Zophonías Oddur Jónsson.

Á Teams: Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Þóroddur Bjarnason.

Forföll: Hermína Gunnþórsdóttir.

Gestur: Ágústa K. Guðmundsdóttir, endurskoðandi.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Ársreikningur 2024. Endurskoðandi félagsins kemur á fundinn. (Fskj. 1)
2. Afgreiðsla fundargerða nr. 20.-23. (Fskj. 2a-d)
3. Kjarasamningur FPR.
4. Aðalfundur FPR.
5. Málþing um stöðu og framtíð HÍ. (Fskj. 3)
6. Fundur trúnaðarmannaráðs.
7. Breytt fyrirkomulag á fæði og mataraðstöðu hjá HÍ. (Fskj. 4)
8. Næsti fundur
9. Önnur mál

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 11.05.

1. Ársreikningur 2024. Endurskoðandi félagsins kemur á fundinn. (Fskj. 1)

Endurskoðandi félagsins, Ágústa K. Guðmundsdóttir hjá Endurskoðun og reikningshaldi ehf. gerði grein fyrir ársreikningnum ásamt gjaldkera og framkvæmdastjóra.

Samkvæmt rekstrareikningi nam halli af rekstri félagsins 8,1 m.kr. árið 2024 samanborið við 4 m.kr. árið áður. Félagsgjöld hækkuðu úr 0,8% í 0,9% til að skapa svigrúm til að greiða í Kjaradeilusjóð sbr. samþykkt aðalfundar 2024. Hækkunin kom til framkvæmda þann 1. október 2024 eftir framhaldsaðalfund félagsins þegar reglur um Kjaradeilusjóð voru samþykktar. Framlag í sjóðinn nam 1,1 m.kr. fyrir árið 2024. Launagreiðslur og þóknun til stjórnar hækkuðu á milli ára sem skýrist að mestu leyti af vinnu í tengslum við kjarasamninga. Skrifstofukostnaður hækkaði á milli ára og einnig kostnaður af félagsstarfsemi vegna funda, málþinga og fleiri viðburða á árinu.

Eigið fé í lok árs nam 41,9 m.kr. Hvað varðar Starfsþróunarsjóð prófessora þá var halli á rekstri sjóðsins samtals 5,9 m.kr. á meðan að eigið fé í lok árs var 88,5 m.kr.

Umræður voru um ársreikninginn og rætt um lagfæringar á uppsetningu. Uppfærð útgáfa verður send stjórn fyrir næsta fund. Ágústa fór kl. 11.53.

2. Afgreiðsla fundargerða nr. 20.-23. (Fskj. 2a-d)

Fundargerðir stjórnar nr. 20.-23 voru samþykktar með breytingum.

3. Kjarasamningur FPR.

Eins og áður hefur komið fram var kjarasamningur FPR við ríkið undirritaður þann 8. apríl 2025. Samningurinn var kynntur félagsfólki 10. apríl. Á fundinum kom fram ánægja félagsfólks með samninginn. Atkvæðagreiðsla um hann hófst þann sama dag og lauk að hádegi 15. apríl. Samningurinn var samþykktur með miklum meirihluta greiddra atkvæða. Á kjörskrá voru 379 félagar. Í atkvæðagreiðslunni tóku 70,45% þátt og var samningurinn samþykktur með 91.83% greiddra atkvæða en 8,17% kusu gegn honum.

4. Aðalfundur FPR.

Ákveðið var að leggja til við aðalfund að félagsgjaldið verði áfram óbreytt sem er 0,9% af launum félagsfólks eins og samþykkt var á aðalfundi 2024. Hvað varðar framlag í Kjaradeilusjóð fyrir árið 2025 verður lagt til við aðalfund að það verði 0,1% af launum félagsfólks sem er sú hækkun á félagsgjöldum sem samþykkt var á aðalfundi 2024.

Skýrsla stjórnar er í vinnslu og verður sett á Teams næstkomandi mánudag fyrir stjórn til yfirlstrar.

Samþykkt var að fundarstjóri á aðalfundi verði Þröstur Olaf Sigurjónsson prófessor við HÍ með fyrirvara um samþykki aðalfundar.

5. Málþing um stöðu og framtíð HÍ. (Fskj. 3)

Málþing um stöðu og framtíð HÍ sem áætlað var þann 14. apríl var frestað vegna kjarasamninga. Ný dagsetning liggur fyrir sem er 29. apríl og var Háskólabíó, salur 4 fyrir valinu þar sem ekki var hægt að fá kennslustofu hjá HÍ vegna prófatímabils. Yfirskrift málþingsins er Akademía á tímamótun - Staða og áskoranir Háskóla Íslands. Málþingið er haldið í samstarfi við Vísindafélag Íslands.

6. Fundur trúnaðarmannaráðs.

Rætt var um að finna nýjan tíma fyrir fund trúnaðarmannaráðs félagsins en fundur sem áætlaður var í lok mars var frestað vegna kjarasamninga. Málinu var frestað til næsta fundar.

7. Breytt fyrirkomulag á fæði og mataraðstöðu hjá HÍ. (Fskj. 4)

Bréf barst frá félagsmanni um breytt fyrirkomulag varðandi greiðslu fæðisfjár og mataraðstöðu hjá HÍ og samþykkt háskólaráðs frá 3. apríl sl. þar að lútandi. Breytingarnar taka gildi þann 1. ágúst. Hann áleit að um kjaraskerðingu væri að ræða fyrir marga og vonaðist til að félagið myndi mótmæla breytingunum.

Sigrún upplýsti að formenn og framkvæmdastjórnar FPR og FH hafi átt fund í vetur með mannauðsstjóra HÍ vegna fyrirhugaðra breytinga á fæðisfé hjá skólanum. Í kjölfarið var stofnuð nefnd sem Ólafur Páll Jónsson varaformaður FPR sat í fyrir hönd félagsins. Nefndin heimsótti vinnustaði og tók viðtöl við starfsfólk á öllum sviðum HÍ og skilaði skýrslu í kjölfarið. Ákvörðun HÍ gengur í berhöggi við niðurstöður nefndarinnar. Sigrún mun kalla eftir nánari upplýsingum áður en ákvörðun verður tekin um næstu skref.

8. Næsti fundur.

Næsti fundur verður föstudaginn 2. maí kl. 11-13.

9. Önnur mál.

a) Fræðsludagur Jafnlaunastofu um virðismat starfa. (Fskj. 5a-b)

Jafnlaunastofa verður með námskeið sem ber heitið Virðismatskerfi í þágu launajafnréttis. Sigrún og Ragna hafa áhuga og geta mætt 12. maí.

b) Aðalfundur BHM. (Fskj. 6a-b)

Aðalfundur BHM verður 15. maí kl. 10-16 í Norðurljóssal Hörpu. Fjórir fulltrúar frá FPR eiga rétt til setu á fundinum. Eftirtaldir verða fulltrúar félagsins, Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir, Kári Kristinsson, Zophonías Oddur Jónsson og Þróstur Olaf Sigurjónsson. Lilja Þorgeirsdóttir mætir á fundinn sem varamaður.

c) Fundir sjóða BHM.

Ársfundur fulltrúarráðs Orlofssjóðs BHM var 9. apríl sl. Framkvæmdastjóri mætti á fundinn sem fulltrúi FPR. Fundur fulltrúaráðs Styrktarsjóðs BHM verður 29. apríl nk. og mun framkvæmdastjóri mæta á þann fund.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13.25.

Fundarritari: LÞ.